

Laxveiði í net í Ölfusá, Hvítá og Þjórsá
árið 1989.

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 1990

VMST-S/90004

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Laxveiði í net í Olfusá, Hvítá og Þjórsá árið 1989.

Inngangur.

Í þessari skýrslu er greint frá laxveiði í net í Olfusá, Hvítá og Þjórsá sumarið 1989. Á vatnasvæði Olfusár-Hvítár er netaveiði eingöngu stunduð í Hvítá og Olfusá sem báðar eru jökullitaðar en í þeim er jafnframt stunduð stangaveiði. Í Þjórsá, sem einnig er jökullituð, er lax eingöngu veiddur í net. Veiðimálastofnun hefur um árabil séð um söfnun og úrvinnslu veiðiskýrslna. Frá árinu 1988 hefur Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar unnið úr netaveiðiskýrslum á Suðurlandi. Samkvæmt 12. grein laxveiðilaganna er þeim er veiði stundar skylt að gefa skýrslu um veiði sína og henni skal komið til Veiðimálastofnunar. Skýrsluhald um veiði er mjög nauðsynlegur þáttur í allri fiskrækt og veiðiréttareigendur hafa ótvírætt hag af því að skrá sín hlunnindi.

Aðferðir

Þær upplýsingar um laxveiði í net sem liggja til grundvallar þessari skýrslu eru fengnar úr skýrslum sem bárust til Veiðimálastofnunar. Alltaf er eitthvað um það að tölur um veiði berist ekki en sá hluti veiðinnar er nú orðið mjög lítill. Í mörgum tilfellum var skráð dagleg laxveiði en sumir gáfu einungis heildarfjölda veiddra laxa á viðkomandi veiðistað. Í hluta skýrslanna kom fram þyngd á veiddum löxum. Byggt er á þeim upplýsingum við útreikning á þyngd.

Við veiðarnar eru notuð lagnet (króknet) með möskvastærð 63,5 - 70,0 mm á legg. Netin eru lögð frá landi eða frá þar til gerðum fyrirstöðum. Veiðitíminn í Olfusá og Hvítá var frá 21. júní til 9. ágúst og frá 20. ágúst til 20. september. Í Þjórsá var veiðitíminn frá 15. júní til 20. september. Aðeins er veitt hálfa viku í senn, eða frá kl. 10 á þriðjudagsmorgni fram til kl. 22 á föstudagskvöldi.

Upplýsingar um vatnsrennsli eru fengnar hjá Orkustofnun. Vatnshiti og sjóndýpi var mælt við lagnir á Selfossi af Gunnari Gunnarssyni bónda á Selfossi. Mælt var á flestum veiðidögum.

Við framsetningu á hvernig veiðin skiptist yfir veiðitímabilið var reiknað út hlutfall (prósent) veiði í hverri viku af heildarveiði yfir sumarið. Við þessa útreikninga var byggt á skýrslum frá 5 aðilum í Olfusá, 4 aðilum í Hvítá og 4 aðilum í Þjórsá. Rennslis-, vatnshita-, og sjóndýpistödlur voru unnar sem meðaltöl fyrir þá vikudaga sem veitt var.

Niðurstöður og ályktanir

Laxveiði í Ölfusá og Hvítá.

Tölur um laxveiði í net fengust frá 12 aðilum í Ölfusá og frá 27 aðilum í Hvítá. Á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár veiddust 3502 laxar í net að heildarþyngd tæp 12 tonn (tafla 1). Meðalþyngdin var 3,4 kg. Í Ölfusá veiddust 2025 laxar (6480 kg) og 1477 (5465 kg) í Hvítá. Árið 1988 veiddust samkvæmt skýrslum 6137 laxar (20540 kg) í net á vatnasvæðinu. Veiðin 1989 var því 43 % minni að fjölda til en var árið áður og 33,5 % minni en meðaltal síðustu 5 ára. Veiðin var 49 % minni í Ölfusá en árið áður og 31 % minni í Hvítá.

Tafla 1. Laxveiði í net í Ölfusá og Hvítá árið 1989.

Vatnsfall	Heildarfjöldi	Heildarþyngd (kg)	Meðalþyngd (kg)
Hvítá	1477	5465	3,7
Ölfusá	2025	6480	3,2
Samtals	3502	11954	3,4

Veiðiálag í net hefur minnkað á svæðinu hin síðari ár einkum vegna þess að tekin hefur verið upp stangveiði í stað netaveiði á nokkrum jörðum.

Ef litið er á dreifingu veiðinnar yfir sumarið sést að veiðin í Ölfusá er mjög lítil fyrstu vikuna (21.-23. júní) (mynd 1). Veiði glæddist mjög í annarri viku og var hlutfallslega mest um miðjan júlí og síðari hluta júlí. Veiði í Ölfusá var mjög lítil eftir 20. ágúst.

Í Hvítá var veiði lítil í júní og hlutfallslega mun minni í júlí og fyrri hluta ágúst en í Ölfusá. Bestu veiðivikurnar í Hvítá voru hins vegar síðari hluta ágúst og byrjun september.

Netaveiði í Ölfusá byggist að mestu leiti á laxi sem er nýgenginn úr sjó (Magnús Jóhannsson 1978). Því má ætla út frá veiðiskýrslum að aðalgöngurnar á vatnasvæðið sumarið 1989 hafi verið um miðjan og síðari hluta júlí. Þetta er svipaður tími á aðalgöngum og algengt er en fyrstu göngur á veiðitíma komu seinna en venja er til (Magnús Jóhannsson 1978). Líklegt er að góð veiði í ágúst og september í Hvítá hafi að miklu leiti byggst á laxi sem hafi stoppað á leið sinni upp árnar. Veiðin er þó háð ymsum ytri þáttum eins og vikið verður að hér á eftir.

Mjög mikið vatnsrennsli var í Ölfusá fyrstu veiðivikuna. Þá var vatnshiti einnig lágur (7 °C) (mynd 2). Þetta hefur eflaust haft áhrif til lítillar veiði. Bæði vegna beinna áhrifa á laxgengd en einnig vegna aðstæðna til veiða. Í annarri viku minnkaði vatnsrennslið mikið, jafnframt hlýnaði árvatnið og þá tók veiðin

verulegan kipp. Í annarri viku júlí óx aftur í Ölfusá. Þá fóru fyrirstöður viðá um koll svo ekki varð veitt við þau látur. Vatnsmagn hélst mikið allt sumarið. Vegna mikils vatns voru reyndar sumar lagnir á vatnasvæðinu aldrei virkar. Erfitt er að greina samband sjóndýpis og veiði en svo virðist sem veiði hafi verið meiri þegar sjóndýpi var hátt (lítið grugg í árvatninu).

Laxveiði í Þjórsá.

Tölur um netaveiði á laxi í Þjórsá bárust frá 23 aðilum í Þjórsá. Alls veiddust 1885 laxar að heildarþyngd 5581 kg. Meðalþyngd laxanna var 3,0 kg. Til samanburðar veiddust 2653 laxar (8831 kg) árið 1988. Veiði 1989 var því 29 % minni að fjölda til en árið áður en veiðin var hins vegar 8 % meiri en meðaltal síðustu 5 ára.

Samkvæmt skýrslum var veiði engin fyrstu tvær vikurnar, enda þá illt að standa að veiðum vegna flóðs í ánni (myndir 3 og 4). Í þriðju viku var veiði hins vegar góð en þá hafði vatnsrennsli minnkað verulega. Veiði varð aftur minni næstu vikur enda óx þá aftur í ánni. Athyglisvert er hversu veiði var góð fyrstu vikuna í ágúst, en þá hafði vatnsrennsli árinna fyrst minnkað að einhverju ráði.

Erfitt er að meta út frá veiði hvenær lax gekk í ána sumarið 1989. Einkum vegna þess hversu vatnsmagn árinna virðist hafa mikil áhrif á aðstæður til veiði í ánni, svo og að hluti laxanna sem veiðast er leginn. Þó virðist lax hafa gengið óvenju seint (Einar Haraldsson Urriðafossi bréfl. uppl.). Líklegt er að mikið vatnsmagn, og líklega lágur vatnshiti, hafi tafið laxinn verulega á göngu sinni upp ána, einkum upp Urriðafoss og í gljúfrum ofan og neðan við fossinn.



Þakkarorð.

Veiðimálastofnun vill þakka veiðiréttarhöfum gott samstarf. Sérstakar þakkir til Gunnars Gunnarssonar á Selfossi fyrir fórnfúst starf við hita- og sjóndýpismælingar í Ölfusá. Margréti Öfeigsdóttur er þakkað fyrir margvíslega aðstoð við söfnun skýrslanna og úrvinnslu gagna. Starfsmönnum Vatnamælinga Orkustofnunar eru þökkuð auðfengin gögn um vatnsrennsli.


Heimildir.

Magnús Jóhannsson 1978. Ölfusárlax, rannsóknir á aldri göngum og vexti. Námsverkefni við Háskóla Íslands: 32 bls.


P
R
O
S
E
N
T




Mynd 1. Vikuleg laxveiði í net í Ölfusá og Hvíta
sumarið 1989.



Mynd 2. Sjóndýpi rennsli og vatnshiti í Ölfusá við Selfoss sumarið 1989. Sýnd eru vikumeðaltöl þá daga vikunnar sem veitt var (þriðjud.-föstud.).



Mynd 3. Vatnsrennsli í Þjórsá sumarið 1989. Sjá skýringar við mynd 2.



Mynd 4. Vikuleg laxveiði í net í Þjórsá sumarið 1989.